

Skógarvörðurinn á Norðurlandi,

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1946.

Einar G. E. Sæmundsen.

## Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1946.

---

### Skógarhögg:

---

Á árinu var höggvið:

Vaglaskógur	302	hestburðir	viðar
Lautaskógur (Lundssk.)	17	"	"
Þórðarstaðaskógur	170	"	"
Stórhöfði	15	"	"
Samtals	504	hestburðir	viðar

Í Vaglaskógi skiftist viðatmagnið þannig: eldiviðir 250 hestburðir, staurar (550 stk.) 11 hestb., renstur (2310 stk.) 23 hestburðir, efniviður (1290 fet) 18 hestburðir. Viður þessi féll við grisjun sunnan Skökkulágar með Efribraut, svo og úr vegagöngum sem höggvin voru suður Voðhamramó.

Í Lautaskógi (Lundssk.) voru hirt 1140 fet efniviðar (17 hestb.) úr sveði þar sem snjóflóð hafði fallið á skóg og brotið síðastl. vetur.

Í Þórðarstaðaskógi var grisjaður ungskógur norðan Snjóflóðsgilja. Voru um 120 hestburðir notaðir til kolagaerðar, en hitt til eldiviðar og staura.

Í Stórhöfða voru höggvir 15 hestburðir til eldiviðar og staura.

### Kolagerð:

Gert var til kola í Þórðarstaðaskógi. Var lagt 8 sinnum í ofninn og fengust samtals 1430 kg. af viðarkolum.

### Skógarkaup:

Á árinu festi Skógrækt ríkisins kaup á jörðinni Belgsá í Fnjóskadal ásamt eyðibýlinu Bakkaseli. Kaupverð kr. 9.500.00. Belgsá er næsti bær sunnan Þórðarstaða og liggja skóglendi jarðanna saman. Þá keypti Skógræktin einnig hluta af Lundsskógi, er liggur að Þórðarstaðaskógi að norðan. Heitir þessi spilda Lautaskógur og nær að Moldgili. Kaupverð kr. 10.000.00.

### Skóglendi gefið:

Með gjafabréfi dags. 17. okt. 1946 gáfu hjónin á Sandhaugum í Bárðardal, þau Sigurður Eiríksson og Steinunn Kjartansdóttir, Skógrækt ríkisins, skógarhliðina á Sandhaugum norðan bæjar, með því skilyrði að Skógrækt ríkisins komi þar á ævarandi friðun innan þriggja ára. Skóglendi þetta er allt að 200 ha. að stærð, vaxið samilegum birkiskógi, en brattlent.

## Girðingar:

-----

Settar voru upp eftirtaldar girðingar:

1. Girðing um Lunds- Þórðarst.- og Belgsárskóga, 6.0 km.
2. " " Hálsmela utan Vaglaskógargirðingar 3.4 -.

Við girðinguna um Lunds- Þórðarst. og Belgsárskóga var unnið frá báðum endum ( þ. e. frá Fnjóská við Belgsá og frá Fnjóská við Moldgil ). Syðri línan er lögð þannig að girt er úr Fnjóská aðeins norðanvert við Belgsána og upp fyrir sunnan túnið á bænum Belgsá, en þaðan er hún lögð á norðurbarmi þejargilsins upp á háfjall. Krækja varð á ýmsa vegu með girðinguna vegna snjóflóðshættu, sem er mjög mikil á þessum slóðum. Girðingarstæðið er yfirleitt erfitt og mjög bratt en þó hið skársta sem völ er á þarna. Flutningar á efni urðu mjög dýrir á þessa línu. Varð að ferja efnið yfir Fnjóská hjá Þórðarstöðum sökum vatnavaxta, og flytja það síðan á hestum á línuna, nema þar sem þeim varð ekki við komið, en þar var borið á mönnum. Sóttist því verkið mjög seint og varð ærið kostnaðarsamt, þó var lokið við rúma 2 km. á þessari leið, eða svo langt upp á fjallið að héðan af verður allt efni flutt ofan að. En þangað var það flutt á vörubifreið síðastliðið sumar.

Að norðanverðu var girt út Fnjóská, úr Moldgilshyl á norðurbarmi Moldgils þar til það skiptist, en þaðan er tungan milli Moldgiljanna þrædd til fjalls. Girðingarstæði er samilegt þarna, er lengst af farið í gegn um þéttan skóg, upp í miðjar hliðar. Snjóflóðahætta er þó þarna, en aðeins á stuttum kafla, í einstaka vetri. Girðingarefnið sem notað var neðan fjalls var allt flutt á jeppakerru suður að Moldgili. Var það seimlegt verk en þó stórum ódýrara en að flytja efnið á klakk þessa löngu leið. Þegar upp á fjallið kemur er girðingin lögð eftir fjallsbrúninni og er fullgengið frá henni suður fyrir Búðargilsbotna. Er sú vegalengd um 3.5 km.

Efni það sem notað var uppi á fjalli var flutt þangað á vörubíl með drifi á öllum hjólum. Á sama hátt var flutt upp á fjallið meginíð af efni í þann hluta girðingarinnar sem enn er ógerður, þ. e. frá Botnagili að Búðargilshömrum. Er sú vegalengd um 5 km. Þar sem girðingin fer hæst á þessum slóðum eru tapir 900 m. yfir sjávarflöt. Girðingarstæði á þessum kafla er miklu betra en þar sem nú er lokið, en vegna mikillar vegalengdar á vinnustað, verður all kostnaðarsamt að ljúka þessu verki.

Hálsmelagirðingin er girt úr norð-austurhorni Vaglaskógargirðingar norður hólana og allt að þjóðveginum vestan við Háls en þaðan fylgir hún veginum vestur melana og niður að neðra hliði. Vegalengd er um 3.4 km.

### Viðhald girðinga:

Á útmánuðum 1946 féll snjóflóð úr Klettlækjargili á Vaglaskógargirðingu skammt sunnan bæjar, og tók af girðinguna á um 200 metra spöl. Var hún endurbætt á þessum hluta snemma vors. Vegna breytinga á veginum inn í Vaglaskóg við brúna var girðingin flutt og lagferð við neðra hliðið, og komið þar fyrir vegargrind ( rist ). Annarsstaðar var viðhald girðinga mjög létt á árinu, nema á Skuggabjörgum ( ytri girðingin ) en þar sligaðist þverlínun að ofan ( á stallinum ) mjög mikið undan snjóþyngslum um veturinn.

V e g a g e r ð:

Reynt var eftir föngum að halda við vegum í Vaglaskógi, en til þess þarf stóraukin fjárframlög á næstu árum. Gert var jeppafært frá Lundi suður fyrir Moldgil vegna girðingarefnis flutnings, og er þá fært orðið á jeppum suður í Þórðarstaði, og Belgsá, ( og lengra ) að austan. Leiðin frá Lundi og upp á fjall (ásuður barmi Kiðsár ) var lagfærð þannig að nú er fært á jeppa og vörubíl með drifi á öllum hjólum suður háfjallið allt að brúnum Belgsárdals.

G r æ ð i r e i t u r:

Vorið 1946 var afhent úr græðireitnum á Vöglum:

A - plöntur	birki 2/2	24.110 stk.	
	birki 2/0	28.000 -	
	reynir 2/2	426 -	
	gulvíðar 0/2	2.398 -	
	ribs 0/3	40 -	
	greni norsktt	142 -	
	fura norsk	53 -	55.169 stk.

B - græðl. gulvíðis (12.000 -)

C - fræ birki 19.000 kg.  
sitkagreni 1.750

Af þessum plöntum fékk Dániel Kristjánss. Hreðavatni 15 þús., og Sig. Jónasson, Varmahlíð 10 þús., og Skógrfél. S.-Þing 3 þús.

Sáð var:

birki	Bæjarstaður	9 kg.		
birki	Vagllir	10 -	samt.	150 m2
sitkagreni	Pigot Bay, P. W. S. Alaska		1	35 -
reynir	Akureyri o. v. (haustið)		1	70 -
				<u>Alls 255 m2</u>

Dreifsett var:

A- plöntur	birki	2/0	110.000 stk.	
	birki	2/2	2.000 -	
	reynir	2/0	200 -	
	sitkagreni	3/0	500 -	
	fura norsk		1.000 -	113.700 stk.
B- græðlingar	ribs		800 -	
	gulvíðir		8.000 -	
	fagurvíðir		100 -	
	Þingvíðir		50 -	
	spirea ( 3 teg. )		75 -	
	blæosp		120 -	
	sib. baunatré		25 -	9.170 stk.

Birkið 2/o, sem dreifsett var á þessu vori, var mjög fallett, enda var það varið fyrir rjúpnabiti báða vetna. Vanhöld við dreifsetninguna urðu sáralítið og er hér um mikla framför að ræða frá síðustu árum, þegar þúsundir plantna drápust við dreifsetninguna.

Lítið var unnið að stækkun reitsins á þessu ári, en kantar voru hlaðmir, og runnar og tré flutt í skjólbelti.

Um 35 tonn af húsdýraáburði ( saðáatað og mykja ) voru keypt í reitinn. Tilbúinn áburður var einnig keyptur og látinn sumpart í skiptum fyrir húsdýraáburð eða borinn á sem aukaskammtur.

Í haust var þakið yfir allar birkiplöntur með hænšaneti, og allar söluplöntur teknar upp.

#### Byggingar:

-----

Byggð var vatnspró við lindina ofan við græðireitinn. Hún er gerð úr járnbentri steinsteypu og rúmar 25 tenm. Er með þessu tryggt að nægjanlegt vatnsmagn er til á hverjum tíma fyrir græðireitinn.

#### Bifreiðar:

-----

Jeppabifreiðin A. 286 var notuð til ferðalaga og léttari flutninga allt árið. Vörubifreiðin R. 379 var í tvo mánuði hér nyrðra við efnis flutninga í girðingarnar, en var þó lengst af þessum tíma í lamasessi.

#### Ferðalög:

-----

Fræman af árinu dvaldist ég í Reykjavík og starfáði á skrifstofu skógræktarstjóra.

Í marz fór ég tver ferðir út á land með skógræktarstjóra. Hina fyrri í Borgarnes með viðdvöl á Hvanneyri, en hina síðari að Hólum í Hjaltadal með viðkomu í Varmahlíð og á Sauðárkróki. Flutti skógræktarstjóri erindi um skógrækt og sýndi myndir frá Alaska, á þessum stöðum, ennfremur sátum við aðalfundi skógræktarfélaganna í Borgarfirði og í Skagafirði.

9. apríl fór ég áleiðis horður í Vagli. Kom við hjá Þorbirni bónda á Geitaskarði í Langadal, formanni Skógræktarfélags A.-Hún. og athugaði með honum landspildu milli Geitaskarðs og Holtastaða, sem ætluð er til skógræktar. Ennfremur skoðaði ég samkvæmt ósk sr. Gunnars á Æsustöðum, land fyrir sunnan túnið á Bólstaðarhlíð, sem rétt hefir verið um að friða og rækta á skóg. Að Varmahlíð leiðbeindi ég Sigurði Jónassyni við plöntuuppeldi, sem hann hefir á hendi í Laugabrekku, og skoðaði með honum reit Skógræktarfélag Skagfirðinga. Að lokum skrapp ég með honum að Löngumýri til leiðbeiningar þar.

18. maí leiðbeindi ég Sigurði O. Björnssyni, prentsmiðjustj. Akureyri við lagningu girðingar um eignarjörð hans Selland í Fnjóskadal, en hann hefir nú á þessu sumri alfriðað mest allt land jarðarinnar, og ætlar að hefja þar skógrækt í stórum stíl.

17. maí fór ég að Grund í Eyjafirði, og safnaði þar asparplöntum og stiklingum.

16. júní fór ég að Reykjahlíð við Mývatn, athugaði þar girðingu, sem skógræktin setti upp fyrir 18 árum, en hún hefir lengst af verið í óreiðu.

17. júní fór ég í Lauga og Laugaból í Reykjadal. Tryggvi Sigtryggsson á Laugabóli sáði sitkagreni fræi fyrir þremur árum á víðavaggi ( í brekku ofan bæjar ). Fræið spíraði vel og lifa nú nokkurar plöntur, en eru þroskalitlar

21. júní fór ég til Húsavíkur til þess að ákveða staði stórrar girðingar sem Skógr.fél. Húsavíkur er að koma upp um Krubbinn við Botnsvatn.

28. júlí sat ég aðalfund Skógræktarfélags S.-Þingeyinga að Laugum.

10. ágúst skóðaði ég ásamt skógræktarstjóra Vaðlaheiðargirðing Skógræktarfél. Eyfirðinga og Kjarnanýrækt, sem félagið ætlar undir græðireit.

11.- 14. ágúst fór ég um Skagafjörð með skógræktarstjóra. Var komið víða og athugaður áragur Þirkifræsáningar frá 1944 og fyrr.

22. ágúst fór ég um Köldukinn. Athugaði ég skógarleifar á allum bæjum utan Yztafells og vaði á nokkrum bæjum land fyrir skógræktargirðingar sem skógræktarfél. sveitarinnar setur upp á næsta ári.

27. - 29. fór ég um Bárðardal vestan fljóts, athugaði skógarleifar og skóga á hverjum bæ. Valdi enn fremur land undir skógrækt á nokkrum þeirra fyrir Skógræktarfélagið Björk, sem er nú að koma upp 8 girðingum í hreppnum.

17. september fór ég til Reykjavíkur til viðræðna við skógræktarstjóra. Heim aftur 26. sept.

7. - 10. október fór ég til Húsavíkur girðingarinnar við Botnsvatn, en þar höfðu breytt viðhörf kollvarpað fyrri ákvörðunum. Í þessari ferð fór ég einnig um Reykjahverfi og leiðbeindi þar um val skógræktarsvæða á þrem bæjum.

13. október fór ég ofan í Höfðahverfi og sat undirbúningsfund að stofnun skógræktarfélags þar.

17. október fór ég að Sandhaugum í Bárðardal.

18. október fór ég að Grund í Eyjafirði og safnaði lerkikönglum.

21. október fór ég til Reykjavíkur og sat aðalfund Skógræktarfélags Íslands. Heim aftur 31. október.

3. nóvember leiðbeindi ég stjórn Skógr.fél. Eyfirðinga við vinnu í fyrirhuguðum græðireit á Kjarnanýrækt.

15. nóvember fór ég áleiðis til Reykjavíkur og dvaldi þar, það sem eftir var ársins.

Auk þeirra ferða sem nú hafa verið taldar fór ég fjölmargar eftirlitsferðir um skóglendi skógræktarinnar í Fnjóskadal og vegna girðingarframkvæmda. Þá er ótaliinn fjöldi ferða til Akureyrar og má þar við geta að ég flutti allar söluplöntur úr græðireitnum á þessu vori í jeppakerru þangað, þar sem umferð þyngri bíla var bönnuð.

Var samtals í ferðakögum í 141 dag.

Ý m i s l e g t:

Skógurinn byrjaði að litkast um 18. maí og mátti heita allaufg-aður 24 maí, er það með langfyrsta móti, Um mánaðamótin maí-júní kólnaði mjög í veðri og sá töluvert á laufi eftir hretið, en þó meira á kvenreklum, og var hægt að sjá brúna bletti neðst í flestum reklum ( fræþungum ) í haust. Fræspretta var í meðallagi en líklegt að grómagn sé með minna móti vegna fyrr talinnar skemmda ( á reklum ). Skógurinn byrjaði að fólna 6. september og var orðinn lauflaus að mestu 20. sama mán. Vöxtur hans í sumar var sémilegur, maðkur var lítið áberandi nema á spildu sunnan og ofan við Stóra-hvamm og virtist hann smærri á vöxt en venjulegur birkimaðkur. Þessi maðktegund hélt sig einnig enn fastar að fjalldrapa en títt er um birkimaðk.

Í smágirðingar sem Skógræktarfélag Fnjóskdæla hefir komið upp á nokkrum bæjum í sveitinni voru láttnar af hendi 2000 birkiplömtur 2/0 teknar úr fræbeði. Voru þær gróðursettar í óræktarjörð með haka. Þær virtust dafna sémilega í sumar og voru ekki mikil vanhöld á þeim í haust. Gefur þessi tilraun þó lítil sé von um að hægt sé að notast við fræðbeðsplöntur að einhverju leyti við gróðursetningu á víðavangi.

Sáð var gras, mel og birkifræi í um 1 ha. lands á Hálsmelum. Vegna þess hve fræið barst seint norður, var orðið mjög áliðið er sáningin fór fram ( 15/7 ). Grastegundirnar voru fjallasveifgras og sauðvingull, var hverri tegund sáð út af fyrir sig en blönduð birkifræi. Landið var gróðurlaus melur en sandborinn í hvilftum og staksteinóttur. Útlændur áburður var fyrst borinn á allt svæðið ( 100 kg. kalí, 300 kg. superfosfat, 250 kg. kalksalpétur ) og hann herfaður niður með tindaheffi ( tindarnir láttnir snúa aftur ) sem dregið var af jeppa. Síðan var fræinu sáð og loks valtað með þungum steinvalta er jeppinn dróg. Grasfræið spíraði vel en melfræið miður ( enda var það myglað er það kom hingað ) en birkifræið virtist ekki spíra í sumar. Spildan var græn yfir að líta í haust en grasið lágvaxið.

Í norðaustanveðri og stórrigningu 22. september féllu meiri skriður í Höfðahverfi og Dalsmynni en dæmi munu til öðdum saman. Ollu þær stórfelldum spjöllum á gróðurlendi flestra jarða þar um slóðir.

Í landi Skuggabjarga urðu geysilegar skemmdir af vöðdum skriðufalla. Fór ég þangað 29. sept. til þess að athuga þær. Stór hluti úr hliðinni milli Gæsagils og Bæjar hafði sprungið fram, sópað með sér öllum gróðri og jarðvegi ofan í urð og hulið mest allt undirlendið ( svonefndan Haga uppfrá Fnjóská ). Á þessu svæði var ytri skógargirðingin. Hvarf hún með öllu á um tveggja km. leið, en Káta mun nærri að um 20 ha. skóglendis hafi eyðilagst og um 25 ha. graslendi farið undir aur og skriður. Á þessu svæði var þroskavænlegur ungskógur sem breiddist óðfluga út við friðunina, en fallegast og hesta hluta Skuggabjargaskógar sakaði þó ekki ( svæðið norður undir Gæsagili ).

Smáskriður féllu hingað og þangað í hliðinni, suður fyrir Miðmunda-gil, og út í klifinu niður við Fnjóská, gegnt Þverá, tók hluta af syðri girðingunni.

Í Barkarstaðagirðingu í Miðfirði var sáð 8 kg. af birkifræi ( Vagla-sk.45. ) en í girðingarnar í Skagafirði var sent frá Vöglum 16 kg. birkifræ ( 1 gk. úr Bæjarstað, hitt Vaglafræ '45 ).

Staddur í Reykjavík 15/2 1947.

Einar G. S. Sæmundsen.